

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. apríl 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á mengunarvarnareglugerð  
nr. 48/1994, með áorðnum breytingum.**

### 1. gr.

Ákvæði 50. gr. hljóði svo:

Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka 5 með mengunarvarnareglugerð, sbr. þó 53. gr. Ennfremur skal leitast við að uppfylla þau leiðbeiningarmörk sem fram koma í viðauka 5. Ef um er að ræða nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir, má þó heimila frávik sem lýst er í viðauka 5.

### 2. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. í viðauka 5 bætist nýr málslíður er orðist svo: Viðmiðunargildi fyrir hávaða „innan húss“ er að finna í töflu í 5. mgr. 5. gr.

## 3. gr.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. viðauka 5 hljóði svo:

Ef um er að ræða nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir, má heimila frávik varðandi umferðarhávaða, sem nánar er fjallað um í grein 5 í þessum viðauka. Um hávaða á iðnaðarsvæðum er fjallað í grein 4 í þessum viðauka.

## 4. gr.

Tafla 1 í 3. gr. viðauka 5 breytist þannig:

- a) Í stað „utan við glugga“ í 1. mgr. komi: utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.
- b) Í stað fyrirsagnar „Mesta hljóðstig utan við glugga“ komi: Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.

## 5. gr.

Í stað „utan við glugga“ í 4. mgr. 5. gr. í viðauka 5 komi: utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.

## 6. gr.

6. mgr. 5. gr. í viðauka 5 orðist svo:

70/55 merkir að viðmiðunarkrafa um 55 dB (A) utan við opnanlegan glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Annars er leyfilegt hljóðstig utan við opnanlega glugga allt að 70 dB (A).

## 7. gr.

Lokaákvæði 5. gr. viðauka 5 hljóði svo:

- 1) Frávik: I Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.  
II Nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endurnýjun byggðar sem fyrir er.

## 8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 28. apríl 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

17. apríl 1997

Nr. 274

## REGLUR

**um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum  
og til fullorðinsfræðslu.**

## 1. gr.

Alþingi veitir árlega fé til þróunarstarfs á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu.

Menntamálaráðherra veitir tvisvar á ári styrki af fjárveitingu þessari til einstakra þróunarverkefna á sviði náms á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu.

Með þróunarverkefnum er átt við tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennslu-háttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólastarfi. M.a. verði lögð áhersla á að nýta kosti upplýsingatækni við nám og kennslu.